



Kveðja frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni

Þegar kaþólskur prestur og fjórar systur af reglu heilags Jósefs frá Chamery í Frakklandi hófu haustið 1895 að kenna íslenskum börnum, jafnt kaþólskum sem mótmælendatrúar, var aðeins einn annar skóli starfandi í bænum, eða þorpinu eins og réttara væri að kalla Reykjavík á þeim árum; enn voru tólf ár í að skólaskylda væri leidd í lög. Það var því mikil framsýni og metnaður sem ýtti skólahaldinu úr vör og þeir eiginleikar hafa æ síðan sett svip á Landakotsskóla.

Skólinn hefur jafnan verið eftirsóttur, rómaður fyrir öguð vinnubrögð, vandaða og fjölbreytta kennsluhætti; verið opinn fyrir nýjum áherslum á menntasviði. Ekki síst hefur áhersla verið lögð á kennslu í móðurmálinu og öðrum tungumálum hefur verið sinnt af þrótti, jafnvel meiri metnaði en lög og námsskrár kveða á um; leitað hefur verið nýrra leiða við nám í stærðfræði og öðrum greinum.

Landakotsskólinn er nútímaleg menntastofnun sem byggir á virðingu fyrir góðum gildum og kristilegu siðgæði, hann ber sannarlega aldurinn vel, glæsilegur og metnaðargjarn, burðarstoð í menntakerfi Reykjavíkurborgar; að mörgu leyti fyrirmynd um kennsluhætti og menntastefnu á nýrri öld alþjóðlegra strauma; í senn með djúpar rætur í íslensku samfélagi og sýn til margra átta.

Ég óska skólanum allra heilla á þessum tímamótum, starfsfólki og nemendum, um leið og ég þakka frábært framlag til menntunar íslenskra barna í rúma öld.